

Fundargerð

Árið 2025, þriðjudaginn 18. mars kl. 8:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Björn Ingi Óskarsson.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Frumvarp um Jöfnunarsjóð

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir helstu breytingar á nýju líkani, brugðist hafi verið við ábendingum frá ýmsum sveitarfélögum.

Fyrirkomulagi stærðarhagkvæmni var breytt frá því sem kynnt var í samráðsgátt. Breytingin felst í því að almenn stærðarhagkvæmni minnkar úr 26% í 23% en á móti er sérstök stærðarhagkvæmni vegna útgjaldastuðla sett inn í líkanið. Stærðarhagkvæmni í útgjaldastuðli var inni í því frumvarpi sem kynnt var 2023 en hafði verið tekin út úr því frumvarpi sem sett var í samráðsgátt 2025. Þá var efri stærðarmörkum sveitarfélaga breytt úr 11.000 niður í 10.000. Sömu stærðarmörk í frumvarpi 2023 miðuðust við 7.000 íbúa. Breytingarnar þrjár hanga saman og byggja yfirferð yfir umsagnir úr Samráðsgátt stjórnvalda og samtölum við forsvarsmenn sveitarfélaga.

Þá var viðmiði um hámarksjöfnun breytt og hámarkið rýmkað úr 2,5 milljónustu hlutum ráðstöfunarfjármagns á mann í 3,2 milljónustu hluta. Við áhrifamat frumvarpsins varð ljóst að framlög einungis eins sveitarfélags voru takmörkuð af hámarksjöfnuninni og að sú takmörkun

var töluverð fyrir viðkomandi sveitarfélag. Var breytingin því gerð í þeirri viðleitni að einstaka sveitarfélög væru ekki bundin með jafn afgerandi hætti af reglum sem áttu almennt ekki við önnur sveitarfélög.

Tímamarki tekjuviðmiða var breytt. Í stað þess að hið nýja jöfnunarframlag byggði á útsvarstekjum tveimur árum áður og fasteignaskattstekjum árið á undan, er miðað við útsvarstekjur árið á undan og fasteignaskattstekjur á úthlutunarári. Breytingin á að bæta sveiflujöfnun líkansins m.t.t. tekna sveitarfélaga og að jöfnunarkerfið grípi sveitarfélög nær í tíma þegar skarpar breytingar verða á tekjum þeirra, t.d. vegna loðnubrests eða álíka.

Aðrar breytingar á frumvarpstexta voru jafnframt kynntar, svo sem nánari skýringar á útgjaldabreytum.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 09:37.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir